

**Nd.**

**191. Frumvarp til laga**

**[134. mál]**

um aðstoð til holræsagerðar.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jóhann Hafstein,  
Magnús Jónsson, Jónas Rafnar.

**1. gr.**

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum aðstoð til þess að leggja holræsi, sem gerð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

**2. gr.**

Nú vill sveitarstjórn leggja holræsi fyrir skólp og afrennsli í sveitarfélaginu eða hluta úr því og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal hún þá að loknum undirbúningi, eins og fyrir er mælt í 91. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni.

**3. gr.**

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til að leggja holræsi, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón manns, sem ráðherra samþykkir.

**4. gr.**

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu á allt að helmingi stofnkostnaðar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

**5. gr.**

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim trygg-ingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til framkvæmda þeirra, er um ræðir í lögum þessum. Má ábyrgðin og styrkurinn til hvers sveitarfélags þó aldrei nema meiru samtals en 85% af holræsakostnaði hverju sinni.

**6. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná til holræsafélaga fyrir hluta úr sveitarfélögum, ef þau eru stofnuð af a. m. k. helmingi eigenda fasteigna í því hverfi, er holræsin eru lögð um, án þess að sveitarfélag sé eigandi holræsanna, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til holræsafélagsins.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Mörg sveitarfélög og þorp hafa ekki enn treyst sér til að gera fullnægjandi skólpveitur vegna kostnaðar. Eru þetta einkum minni þorp, sem eiga við erfiðleika að stríða í þessu efni. Af heilbrigðisástæðum er nauðsynlegt, að skólpveitur verði fullkomnar. Ber því að stuðla að því, að svo geti orðið sem fyrst. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun gera þorpum og sveitarfélögum fært að gera fullnægjandi skólpveitur.

Aðstoð af ríkisins hálfu við skólpveitur er ekki síður nauðsynleg en við vatnsveitur, en eins og kunnugt er, hafa verið sett lög um aðstoð til vatnsveitna.